

ánægju að hann hafi stanzað hjá sér og gefið sér tíma til að tala nokkur orð, meðan þeir voru að taka í nefið.

Að þessu frátoldu reykti hann örlítið, vanalegast þá stund, er hann lagði sig útaf á daginn. Las þá kona hans fyrir hann kafla úr sögu, er hann hafði þá mesta unun af. Víns neytti hann í mjög hóflegum mæli og megna óbeit hafði hann á ofdrykkju.

Vel segir sonur hans að hann hafi kunnað með fé að fara, og altaf hélt hann bók yfir allar inntektir sínar og útgjöld. En ör var hann á fé við börn sín, enda lagði hann miklar ástir á þau. Hann veitti þeim alt það frjálsræði er þau vildu, strax og þau fóru að eldast og var alls óhnýssinn um hagi þeirra.

EKKI hafði hann mikil eyra fyrir söng og ekki aðgreindi hann lög þó hann heyrði þau oft. Sama var með málverk, lagði hann litla stund á að lesa „listina út úr burstdadrættinum“. Á heimili var hann jafnan lipur og afskiftasár og ef eitthvað af börnum hans var veikt var hann hinn nákvæmasti.

Hann hafði yndi af samræðum með fáum vinum heima hjá sér og oft varð ákefð hans mikil, er hann ræddi um einhver efni er honum voru hughaldin. Hann var mjög nákvæmur í öllu er hann sagði að það skyldi reynast satt, sagði sem var, að þó ekki væri farið með vísvitandi blekking veittist mönnun: nógu ervitt að komast að sannleikanum. Hann var í öllu hinn ljúfasti og næstum á stundum barnalegur. Hugur hans var svo upptekinn við hans sérstaka starf, að hann lifði í öðrum efnunum eins og barn, er ekki hefir nokkra reynslu eða þekking á heiminum.

Um 1880 má segja að starfi hans sé lokið. Þá er heilsan þrotin. Þó lifði hann fram á 1882 og andaðist um vorið 19. Apríl. Um það leyti sat Brezka þingið, og er látt hans spurðist var strax send bænar skrá þess efnis, af 20 þingmönum, að honum yrði veitt útför frá Westminster. Var það veitt. Þar hvíla konungar og helztu vísindamenn Bretta. 26. apríl var hann jarðsettur þar við hlið Isaac Newtons, og báru hann til grafar, próf. Huxley, Lubbock mannfræðingur, Wallace vinur hans, J. R. Lowell ameríkska skáldið og sendiherra Bandaríkjanna auk fleiri.